

Úr Opnun kryppunnar eftir Oddnýju Eiri Ævarsdóttur

Það er ógleymanleg reynsla að vera dæmdur heimskur í fyrsta sinn. Mér hlotnaðist sá heiður í tungumálaskólanum í París, hafði komið mér vel fyrir á fremsta bekk með svar á reiðum höndum. En eitt kvöldið þegar ég lá yfir lexíunum fór toppurinn svo ofan í augu að ég gat ekki lesið svo ég ákvað að klippa hann lítillga. Rak skærin upp í svörðinn af klaufaskap svo myndaðist skarð og til að gera gott úr og hylja skarðið ákvað ég að klippa toppinn bara allan af. Svo fór ég með skuplu í skólann daginn eftir en skólafélagi minn á þrítugsaldri kippti henni af. Það hlógu allir og þótt ég hlægi með í fyrstu þá fór gamanið aðeins að kárna þegar tímar liðu. Því eftir þetta beindi kennarinn ekki orðum sínum beint að mér en talaði um mig við hina hálfhlæjandi, sagði að það væri til einskis að taka mig upp á töflu þar sem hausinn væri ekki alveg í lagi, ég hefði sjálfsagt skemmt hann í einhverju rugli.

Og ég var þá komin á sama bekk og hin kínverska Woo sem öllum bar saman um að hefði ekkert í hausnum nema núðlur. Þegar kennarinn útbýtti verkefnum las hann einkunnirnar upphátt, klappaði á kollinn á þeim norska sem alltaf stóð sig best og henti svo verkefninu á borðið hjá Woo og sagði yfir bekkinn: Það kemur okkur nú ekki á óvart að hún Woo okkar er með tvo, enda tjing tsjon tjong! Mig langaði til að standa upp og segja: Farðu bara til Kína, kerlingarugla og sjáðu hvernig heilinn í þér mun skreppa saman innan um öll skrýtnu tákinn. Og mig langaði líka til að segja henni að ég hefði fengið hæstu einkunn í málfræði í menntaskóla og að ég eyddi ekki nóttunum í ræsinu heldur hlustaði á fiðlukonserta og læsi Hómer. Hugsaði svo með mér að það væri nóg að ég vissi það sjálf.

En það var bara ekkert nóg. Smátt og smátt fór ég að gleyma greind minni og varð heimskari og heimskari. Treysti mér ekki til að glíma við verkefnin, lagði Hómer á hilluna og sat sem lömuð við hliðina á Woo. Hún var ánægð með nýja sessunautinn og afritaði glósumnar mínar þangað til ég benti henni á að þýðingin á útlensku orðunum væri skráð á íslensku. Þegar fór að vora og hárið að síkka hringdi mamma í mig frá Íslandi og minnti mig á að ég væri sko ekkert svo heimsk. Ætlaði ég þá að láta dóm gamallar uglu verða minn dauðadóm, ætlaði ég að fara að gangast upp í þeirri ímynd sem hún hafði af mér svo dómur hennar yrði nú örugglega réttlætanlegar á endanum? Nei, ég fer bara í annan skóla, annað samfélag þar sem annað dómskerfi er við lýði. En fyrst fannst mér ég þurfa að hefna mín; hefnd hins heimska. Las málfræðibækur nótt og dag og mætti með undirbúna spurningu um horfakerfi sagna og notaði til þess öll þau lærðu orð sem ég mundi. Hún sneri sér við með bambusprik í hendi og á andlitinu á henni var efi og undrun: hafði hún verið svo heimsk að halda að hárgreiðsla væri til vitnis um heilagerð? Um mig fór sætur hefndarhrollur. Næsta dag kom hún að máli við mig og bauð mér að gerast meðlimur í alþjóðlega esperantó-félaginu og ganga í hálærðan kvennakór Notre Dame. Nei, þakka þér fyrir, samviskusami þjónn, ég held að greind minni sé betur komið annars staðar því hún kafnar í keppnisanda og nýtur sín betur meðal þeirra sem ekki hafa

unun af að niðurlægja. Ég held svei mér þá; ef ég má leyfa mér að vera spekingsleg, að hundur heimskunnar liggi grafinn í niðurlægingunni. Ef þeir sem telja sig vera sjálfráða og hæfa til að dæma um heimsku annarra eru fastir í valdaspili heimilsins, þar sem sá sem telur sig vita hvernig heimilinu er best stjórnað leyfir sér að niðurlægja þá heimamenn sem ekki búa yfir slíkri fullvissu, þá er allt eins víst að tilraunin til að verða sjálfráða sé ekki annað en barátta um stöðu til að geta niðurlægt aðra.